



Fundargerð:

Fundur var haldinn í stjórn SSA fimmtud. 25. ágúst 2011. Hófst kl. 12:00 með hádegisverði á Hótel Tanga, Vopnafirði. Fundarstaður: Félagsheimilið Mikligarður.

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Blöndal og Þórunn Egilsdóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir boðaði forföll og mætti ekki varamaður í hennar stað. Valdimar stýrði fundi.

Fulltrúum sveitarfélaga, sem ekki áttu viðstaddan stjórnarmann á fundinum hafði verið boðin seta á honum með fullt málfrelsi og tillögurétt, sbr. lið 3 a). Mættur var Vilhjálmur Jónsson frá Seyðisfjarðarkaupstað. Fulltrúar Borgarfjarðarhrepps og Fljótisdalshrepps boðuðu forföll.

Að loknum stjórnarfundinum var kynningarfundur f. sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps vegna verkefnisins AST. Viðstaddir voru eftirtaldir stjórnarmenn: Valdimar O. Hermannsson og Stefán Bogi Sveinsson.

1. Fundargerðir SSA og ýmissa verkefna sem tengjast starfi SSA. (Hluti af fundarefni á dagskránni kemur einnig fram í fundargerðum framkv.ráðs SSA (sbr. tl. 1 b) og 1 c)).
 - a) Stjórn SSA frá 1. júní 2011.
Fundargerðin staðfest.
 - b) Frkv.ráð SSA frá 14. júlí 2011.
Eftirtaldir liðir ræddir:
 - 6 c); Hugsanleg þátttaka SSA í áformaðri útgáfu Austurgluggans um sérblað um sveitarstjórnarmálefni á Austurlandi. Stjórn SSA er hlynnt sérstakri kynningu á málefnum sveitarfélaga og SSA í aðdraganda næsta aðalfundar SSA og veitir frkvstj. heimild til að vinna að framgangi málsins í samráði við framkvæmdaráð, enda náist samkomulag um kostnað vegna þessa sérgreinda verkefnis.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
 - c) Frkv.ráð SSA frá 25. júlí 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - d) AST (Austfirzkar stoðstofnanir), lokaskýrsla, júlí 2011.
Lokaskýrsla vinnuhópsins um AST hafði áður send öllum hlutaðeigandi.
Farið var yfir á hvern hátt staðið verður / staðið hefur verið að kynningum á verkefninu, sem mun verða eitt helzta umfjöllunarefnið á næsta aðalfundi SSA.
 - e) AE, fundarg. frá 15. ágúst 2011.
Nokkrar umræður urðu um áframhald samstarfsverkefna á vettvangi SSA að svo miklu leyti sem þau verða ekki áfram á borðum stjórnar SSA. Í lið 5 í fundargerð AE segir m.a. svo: „**AE telur rétt að aðalfundur SSA ákveði um framhaldið og leggi línur um það á hvern hátt vinna eigi áfram að því að efla samstarf sveitarfélaga og svæða með það að markmiði að vinna að framgangi framfaramála í samræmi við samþykktir SSA**“.



Stjórn SSA tekur undir skoðun nefndarmanna í AE og mun sjá til þess að fyrir aðalfundinum liggi tillaga um áframhaldandi vettvang sveitarfélaga á starfssvæðinu til að vinna brautargengi hugmyndum um aukna samvinnu þeirra.

2. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):

a) Stjórn FV 15. júní 2011.

Í fundargerðinni kemur fram að aðalfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga verður 2. og 3. sept. n.k. Fulltrúi SSA á honum verður Stefán Bogi Sveinsson, varaform. SSA.

b) Stjórn SASS nr. 445, 12. ágúst 2011.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Stjórn SSH nr. 363, 10. júní og nr. 364, 4. júlí 2011.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

3. Erindi og bréf:

a) Ísland 20 / 20. Fjárfestingaverkefni 2012. Hlutverk sveitarstjórna og SSA.

Stjórn SSA telur ótvírætt að landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS) sé ætlað það hlutverk að velja og ganga frá endanlegum tillögum (5 – 7) inn í vinnu við gerð fjárlaga 2012.

Rætt var um á hvern hátt ganga skuli frá tillögum einstakra sveitarstjórna til hóps starfsmanna ráðuneyta eigi síðar en 9. sept. n.k. eins og kveðið er á um. Skrifstofu SSA höfðu borizt viðbrögð frá öllum sveitarfélögum átta, þegar fundurinn hófst og lágu fjárfestingatillögur frá fimm þeirra fyrir fundinum (yfirleitt stuttar verkefnalýsingar en í einu tilfelli lýsingar með ítarlegum greinargerðum). Eftir yfirferð um fyrirbyggjandi tillögur var ákveðið að veita öllum sveitarstjórnnum viðbótarfrest til 1. sept. til að ganga frá endanl. tillögum, þar sem þess væri þörf.

Að því búnu verði boðað til stjórnarfundar í SSA eigi síðar en 5. sept. og valdar að hámarki 7 tillögur (í samræmi við heimild þar um). Yrði þetta gert í samráði við forsvarsmenn sveitarfélaganna 8 og þeir boðaðir á þann fund eftir því sem þurfa þykir. Úrvinnsla endanlegra tillagna yfir á form það sem fjármálaráðun. sendi út fyrir skömmu verði í höndum Þróunarfélags Austurlands.

b) Efling sveitarstjórnarstigsins, bréf Þorleifs Gunnlaugssonar dags. 10. ág. 2011.

Skv. bréfinu hefur sveitarstjórnarfólk frest til 10. sept. til að skila inn ábendingum / skoðunum vegna „gátlistans“, sbr. lið 3 b). Frkvstj. falið að hvetja alla hlutaðeigandi á starfssvæði SSA að láta málið til sín taka og nýtta þann vettvang, er hér um ræðir.

c) Gátlisti v/ eflingar sveitarstjórnarstigsins.

(Sjá 3 b) hér að framan.

d) Fjarðabyggð v/ jarðgangaframkvæmda, dags. 19. ágúst 2011. Áformaður er

fundur 31. ágúst með þingm. NA-kjörd. í Fjarðabyggð vegna Oddskarðsganga. Lagt fram til kynningar.

4. Undirbúningur aðalfundar SSA 30. sept. og 1. okt. 2011 o.fl. Farið yfir eftirf. mál:
 - a) Dagskrá / framsögumenn. Fyrirliggjandi dagskrá staðfest, en þó komu fram þau sjónarmið að á hana væru komin of mörg málefni m/v þann tímaramma, sem fundurinn hefur. Fram mun koma á dagskránni, sem lögð verður fyrir fundinn, að stjórn áskilji sér rétt til að breyta henni síðar ef þurfa þykir.
 - b) Menningarverðlaun SSA.
Fyrir fundinum lágu drög að reglum um menningarverðlaun SSA. Þau voru staðfest með breytingum, sem gerðar voru á fundinum. Endanlegt skjal verður undirritað á næsta fundi stjórnar.
Frkvstj. falið að auglýsa eftir tilnefningum í samræmi við reglurnar.
 - c) Heiðursgestur á aðalfundi SSA.
Venja er fyrir því að bjóða sérstökum heiðursgesti / -gestum á aðalfundi SSA. Umræður urðu um málið og náðist góð samstaða um það hverjum bjóða skal sem heiðursgesti á komandi aðalfundi. Frkvstj. falið að tilkynna hlutaðeigandi og maka hið fyrsta um boðið.
 - d) Ársreikningur 2011 / Endursk. FJ-2011 / Undirbúningur FJ-2012.
Undir þessum lið voru kynnt drög frkvstj. að uppgjöri á lífeyrisskuldbindingum vegna útgöngu tveggja sveitarfélaga (Sveitarfél. Hornafj. og Skeggjastaðahrepps (sem nú er hluti Langanesbyggðar)) úr SSA á sínum tíma. Sveitarstjórnarlög eru ekki skýr hvað slík mál varðar, en m/v undirtektir forsvarsmanna beggja sveitarfélaganna stefnir í að málið verði til lykta leitt þannig að allir aðilar geti vel við unað.
Ekki hefur verið lokið við frágang ársreiknings 2010 vegna þess hve dregizt hefur að ganga frá uppgjörinu við sveitarfélögin tvö. Áformað er að uppgjörið komi fram í ársreikningi fyrir árið 2010. Stjórnin mun fjalla um ársreikninginn á fundi sínum í byrjun sept. og í framhaldi af því vísa honum til aðalfundar 2011.
Framkvæmdaráði SSA var falið að vinna að endurskoðun á FJ-2011 og tillögu að FJ-2012. Síðan yrði gengið frá þeim skjölum á næsta fundi stjórnar (sbr. lið 3 a)).
 - e) Ályktanir aðalfundar SSA 2010. Drög að tillögum til að senda út til allra sveitarstjórna o.fl. samhliða fundarboði (um 15. sept. 2011).
Fyrir fundinum lágu allar samþykkir seinasta aðalfundar. Ákveðið var að stjórnarmenn skipti með sér verkum og gangi frá drögum að samþykktum vegna komandi aðalfundar, sem m.a. byggja á eldri samþykktum þar sem það á við. Vinna við framgang málsins hófst á fundinum, en vinnuhóparnir hafa frest til 10. sept. að koma tillögum sínum til framkvæmdaráðs SSA, sem var falið að fullvinna málið.
 - f) Tímasetn. stjórnarfundar fimmtud. 29. sept. (hefðb. stj.fundur fyrir aðalfund).
Ákveðið að fundurinn hefjist kl. 17:00 og að honum loknum verði vinnufundur til undirbúnings aðalfundar, sem hefst kl. 10:00 daginn eftir.
5. Minningarsjóður Ragnhildar B. Methúsalemsdóttur & Stefáns Péturssonar. Frkvstj. skýrði þann drátt sem orðið hefur á frágangi málsins, en hann stafar af aths. embættis Sýslumannsins á Sauðárkróki við áður unnin drög, en það embætti fer með málefni slíkra sjóða. Stjórnin gerir fyrir sitt leyti ekki frekari aths. við fyrirliggjandi drög og staðfestir þau. Undirritun mun fara fram á næsta fundi stjórnar.
Ákveðið var að úthluta úr sjóðnum 29. sept. 2011 á grundvelli auglýsingar fyrr á þessu ári.



-
6. Kosning fulltr. SSA (áður Héraðsn. Múlas.) á aðalf. fulltrúaráðs EBÍ 12. okt. 2011.
Aðalmaður var kjörinn:
Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps.
Varamaður var kjörin:
Vilhjálmur Jónsson, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar.
7. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra:
- a) Form. kynnti ósk Sigurðar Gunnarssonar á Seyðisfirði um að fá að kynna á vettvangi SSA hugmyndir um svonefnda Vatnajökulsleið. Stjórnin vill gjarnan gefa SG kost á að kynna verkefnið og telur rétt að sú kynning verði upphaflega á vettvangi stjórnar og/eða nefndar sem fer / fara mun með samstarfsverkefni sveitarfélaganna og þá m.a. samgöngumál.
 - b) Farið var yfir vinnuframlag og annan kostnað við verkefnið AST, einkum þeirra, sem sæti áttu í framkvæmdaráðinu. Verður til frekari skoðunar á næsta fundi stjórnar, en jafnframt var samþ. að fela frkvstj. að kanna hugsanlega fjárhagslega aðkomu stofnana þeirra, sem tóku þátt í verkefninu og tilkynntu um fulltrúa inn í starfshópinn um AST. Samhliða því þarf að ákveða með kostnað við kynningu á verkefninu og hugsanlega tímabundna ráðningu á sérstökum verkefnisstjóra.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:00.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.